

# Álögð gjöld 2017

**...og afrit af framtali  
má sækja af  
þjónustusíðu þinni á  
*skattur.is***

**með rafrænu skilríki eða  
kennitölu og veflykli RSK**

**RSK**  
RÍKISSKATTSTJÓRI

## Skattstofnar og útreikningur

### Tekjuskattur og útsvar

Tekjuskattur er á bilinu 22,68% til 31,8% af tekjuskattsstofni, sbr. 2. kafla skattframtals.

Af stofni 0-4.032.420 kr.	<b>22,68%</b>
Af stofni 4.032.421-10.043.880 kr.	<b>23,9%</b>
Af stofni yfir 10.043.880 kr.	<b>31,8%</b>

Sé tekjuskattsstofn annars samskattaðs aðila hærri en 10.043.880 kr. skal það sem umfram er skattlagt með 23,9% skatthlutfalli, allt að helmingi þeirrar fjárhæðar sem tekjuskattsstofn þess tekjulægri er undir 10.043.880 kr., þó reiknast 23,9% skatthlutfall aldrei af hærri fjárhæð en 3.005.730 kr. við þessar aðstæður.

Útsvar er reiknað af sama stofni og er hundraðshlutinni þess ákvæð aður af sveitarfélögum. Útsvarsstofn skiptist hlutfallslega eftir búsetu í hverju sveitarfélagi á árinu og ákvæðast útsvar í samræmi við það. Sundurliðaðar upplýsingar um skiptingu útsvars eftir sveitarfélögum er að finna á þjónustusíðunni á skattur.is.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti og útsvari dregst persónuafsláttur, sbr. upplýsingar um skattafslátt hér á eftir.

### Skattur á fjármagnstekjur

Stofn til skatts á fjármagnstekjur er vaxtatekjur, arður, leigutekjur og söluhagnaður, sbr. 3. kafla skattframtals. Lagður er 20% tekjuskattur á allar fjármagnstekjur ársins 2016. Frítekjumark manna vegna leigutekna af íbúðarhúsnæði til búsetu leigjanda er 50%. Frítekjumark er 125 þús. kr. vegna **vaxtatekna** hjá einstaklingi en 250 þús. kr. hjá samsköttuðum.

Hvorki útsvar né önnur gjöld eru lögð á fjármagnstekjur. Frá reiknuðum skatti á fjármagnstekjur dragast 20/37 af þeim persónuafslætti, sem ekki hefur verið nýttur með öðrum hætti.

### Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra

Gjaldið er 10.956 kr. á hvern mann. Undanþegnir gjaldinu eru menn með tekjuskattsstofn 1.678.001 kr. eða lægri, og þeir sem eru 70 ára og eldri í árslok 2016, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

### Útvarpsgjald

Gjaldið er 16.800 kr. á hvern mann. Undanþegnir gjaldinu eru menn með tekjuskattsstofn 1.678.001 kr. eða lægri, og þeir sem eru 70 ára og eldri í árslok 2016, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

### Slysatrygging við heimilisstörf

Iðgjald vegna slysatryggings við heimilisstörf er 500 kr.

### Fjársýsluskattur

Fjársýsluskattur er 5,5% og leggst á allar tegundir launa og þóknana hjá rekstraraðilum í fjármála-, verðbréfa- og tryggingastarfsemi.

## Skattafsláttur

### Persónuafsláttur

Persónuafsláttur er 623.042 kr.

Persónuafsláttur er fyrst dreginn frá reiknuðum tekjuskatti. Óráðstafaður persónuafsláttur gengur síðan til greiðslu á útsvari. Pegar um samskattaða er að ræða er þeim hluta persónuafsláttarins, sem enn er óráðstafað, bætt við persónuafslátt maka. Af því sem þá kann að vera óráðstafað ganga 20/37 til greiðslu skatts á fjármagnstekjur, en fellur að öðru leyti niður.

### Sérstakur persónuafsláttur vegna

#### „Leiðréttigarinnar“

Þeir sem fengu leiðréttingu vegna fasteignaveðlana skv. lögum nr. 35/2014 geta mögulega átt inni „sérstakan persónuafslátt“ skv. 12. gr. nefndra laga. Ef ákvörðuð leiðréttung gekk ekki inn á

fasteignaveðlán, eða var 200.000 kr. eða lægri, þá myndar hún sérstakan persónuafslátt.

Pessi persónuafsláttur skiptist á fjögur ár og nýtist við álagningu opinberra gjalda á árunum 2015 til og með 2018. Honum er bætt við almennan persónuafslátt og er nýttur á móti álögðum tekjuskatti, útsvari og fjármagnstekjuskatti. Sérstakur persónuafsláttur er millifærarlegur a milli samskattaðra hjóna og sambúðarfólks á álagningarári.

Nýtist sérstakur persónuafsláttur ekki með framangreindum hætti á viðkomandi álagningarári yfirfærir það sem ónýtt er til næsta árs, allt þar til ráðstöfunartímabilinu lýkur, þ.e. á milli álagningaráranna 2015 til 2018. Ef þá standur eftir eitthvað ónýtt fellur það niður.

### Sérstakur frádráttur vegna hlutabréfakaupa

Vegna fjárfestingar einstaklings (að lágmarki 300.000 kr.) í hlutafjáraukningu félaga sem uppfylla ákveðin (ströng) skilyrði. 50% frádráttur frá tekjuskattsstofni að viðbættum fjármagnstekjum vegna fjárfestingar allt að 10.000.000 kr. Gildir tekjuárin 2016, 2017 og 2018 (álagning 2017, 2018 og 2019). Ónýtt frádráttarheimild er millifærarleg í allt að þrjú ár. Áður fenginn frádráttur fellur niður (tekjufærir með 15% álagi) ef bréfin eru **seld innan þriggja ára** eða ef **skilyrði fyrir frádrættinum eru ekki uppfyllt í þrjú ár** eftir kaupin.

## Vaxtabætur

Þeir sem greiða vaxtagjöld af lánum, sem tekin hafa verið vegna kaupa eða byggingar á íbúðarhúsnæði til eigin nota, eiga rétt á vaxtabótum.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta er sú fjárhæð sem lægst er af a), b) og c).

- Vaxtagjöld samkvæmt reitum 87 og/eða 166 á framtali.
- 7% af eftirstöðvum skulda samkvæmt reitum 41, 45 eða 167 á framtali.
- Hámark vaxtagjalda. Hjá einhleypingu er það 800.000 kr., hjá einstæðu foreldri 1.000.000 kr. og hjá samsköttuðum 1.200.000 kr.

Frá vaxtagjöldum samkvæmt framansögðu eru dregin 8,5% af tekjum. Hjá samsköttuðum er miðað við samanlagðar tekjur beggja. Mismunurinn er vaxtabætur sem eru skertar hlutfallslega fari eignir að frádegnum skuldum fram úr:

- 4.500.000 kr. hjá einhleypingu eða einstæðu foreldri uns þær falla niður við 60% hærri mörk eða 7.200.000 kr.
- 7.300.000 kr. hjá samsköttuðum uns þær falla niður við 60% hærri mörk eða 11.680.000 kr.

Hámark vaxtabóta fyrir einhleyping er 400.000 kr., fyrir einstætt foreldri 500.000 kr. og fyrir samskattaða 600.000 kr.

Vaxtabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

### Fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur

Endanleg fjárhæð vaxtabóta er byggð á framtali og ákvörðuð við álagningu. Á innheimtuseðli hafa fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur verið dregnar frá endanlegri fjárhæð.

Fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur vegna vaxtagjalda á árinu 2017 koma ekki fram á álagningarseðli 2017.

## Barnabætur

Barnabætur eru greiddar framfærendum barna innan 18 ára aldurs, sem heimilisföst eru hér á landi. Þær eru greiddar í fyrsta sinn árið eftir að barn fæðist og í síðasta sinn árið sem 18 ára aldri er náð. Tekjutengdar barnabætur með öllum börnum eru sem hér segir:

### Samskattaðir:

- |                                    |             |
|------------------------------------|-------------|
| Með fyrsta barni .....             | 205.834 kr. |
| Með hverju barni umfram eitt ..... | 245.087 kr. |

## Einstæðir foreldrar:

Með fyrsta barni ..... 342.939 kr.  
Með hverju barni umfram eitt ..... 351.787 kr.

Tekjutengdar barnabætur eru skertar með hliðsjón af tekjum framfæranda umfram 5.400.000 kr. hjá samsköttuðum og 2.700.000 kr. hjá einstæðum foreldri. Skerðingin er 4% af tekjum umfram mörkin ef um er að ræða eitt barn, 6% ef þau eru tvö og 8% ef þau eru þrjú eða fleiri.

Með öllum börnum yngri en 7 ára eru að auki greiddar tekjutengdar barnabætur, 122.879 kr. Skerðingarhlutföll þeirra eru 4% með hverju barni.

Barnabótum er aðeins skuldajafnað á móti ofgreiddum barnabótum. Barnabætur sem eru lægri en 5.000 kr. á mann falla niður.

## Fyrirfram ákvarðaðar barnabætur

Endanleg fjárhæð barnabóta er byggð á framtali og ákvörðuð við álagningu. Á innheimtuseðli hafa fyrirfram ákvarðaðar barnabætur verið dregnar frá endanlegri fjárhæð.

## Skatthlutfall barna

Af launatekjum barna, sem ekki hafa náð 16 ára aldri á tekjuárinu, er reiknaður 4% tekjuskattur og 2% útsvar af fjárhæð sem er umfram 180.000 kr. Börn eiga ekki rétt á persónuafslætti.

## Tryggingagjald og gjöld lögð á stofn til tryggingagjalds

### Gjaldstofn og álagning

Tryggingagjald og önnur gjöld á sama stofn eru lögð á launagreiðendur. Gjaldstofninn er öll greidd laun, reiknað endurgjald, þóknanir, hlunnindi, mótfamlag í lífeyrissjóð og aðrar hliðstæðar greiðslur samkvæmt III. kafla laga um tryggingagjald. Gjald í Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota er lagt á samkvæmt lögum um þann sjóð og markaðsgjald samkvæmt lögum um Íslandsstofu. Gjaldþrepipr er 7,35% af stofni 1.1.2016-30.6.2016 og 6,85% af stofni 1.7.2016-31.12.2016. Gjaldskyldir eru allir þeir sem greiða laun eða reikna sé endurgjald.

Hundraðshlut álagðra gjalda á stofn til tryggingagjalds skiptist þannig:

	1.1.-30.6.	1.7.-31.12.
Almennt tryggingagjald .....	5,90%	5,40%
Atvinnutryggingagjald .....	1,35%	1,35%
Gjald í Ábyrgðasjóð launa v/gjaldþrota ...	0,05%	0,05%
Markaðsgjald .....	0,05%	0,05%
Samtals hundraðshlut til álagningar .....	<b>7,35%</b>	<b>6,85%</b>

Viðbót vegna slysatryggingagjalds sjómanna við fiskveiðar ..... 0,65%

Bændur, smábátaeigendur og vörubifreiðastjórar greiða atvinnutryggingagjald til Tryggingasjóðs sjálftstætt starfandi einstaklinga.

Tryggingagjald er lagt á laun samkvæmt launaframtali. Þar ber að telja fram öll tryggingagjaldsskyld laun, reiknað endurgjald, þóknanir og hlunnindi ársins 2016, auk mótfamlags í lífeyrissjóð.

Stofn til tryggingagjalds vegna reiknaðs endurgjalds getur aldrei verið lægri en 748.224 kr. hjá manni í fullu starfi við eigin atvinnurekstur.

### Innheimta - staðgreiðsla tryggingagjalds

Á staðgreiðsluári skal greiða tryggingagjald mánaðarlega.

Á árinu 2016 var þó heimilt að skila tryggingagjaldi af gjaldstofni í fyrsta sinn í þeim mánuði, sem stofninn náði 504.000 kr. og síðan mánaðarlega eftir það, ef gjaldstofn hafði til þess tíma verið lægri að meðaltali en 42.000 kr. á mánuði. Tryggingagjald, sem ekki er staðgreiðsluskylt, gjaldfellur 1. júlí.

Gjaldstofn utan staðgreiðslu er m.a. reiknað endurgjald lægra en 450.000 kr., reiknað endurgjald barna og laun og hlunnindi, sem undanþegin eru staðgreiðslu opinberra gjalda.

## Dánarbú

Álagning á dánarbú fer eftir þeim reglum sem gilda um lögaðila og fer fram í lok október, um leið og lagt er á aðra lögaðila.

## Kærufrestur

Frestur til að kæra álagningu opinberra gjalda, þ.m.t. tryggingagjalds, er 60 dagar talið frá dagsetningu auglýsingar ríkisskattstjóra um að álagningu sé lokið. Auglýsingin var dagsett 29. júní og skal kæra hafa borist ríkisskattstjóra í síðasta lagi 31. ágúst 2017. Kæra skal vera skrifleg og studd nauðsynlegum gögnum. Unnt er að senda kæru rafrænt á þjónustusíðu, [skattur.is](#).

## Staðgreiðsluyfirlit

Á innheimtuseðli eru birtar upplýsingar um innborgaða staðgreiðslu sundurlíðaða eftir launagreiðendum. Ef upplýsingum ber ekki saman við launaseðla er launamönnum bent á að snúa sér til launagreiðanda varðandi leiðréttingu. Sé afdregin staðgreiðsla ekki leiðrétt þannig, geta menn snúið sér til ríkisskattstjóra með umsókn um leiðréttingu. Afrit af launaseðlum þurfa að fylgja slíkri umsókn.

## Gjöld í staðgreiðslu

Staðgreiðsla er **bráðabirgðagreiðsla** opinberra gjalda á tekjuári. Við uppgjör staðgreiðslu á móti álögðum tekjuskatt og útsvari getur komið fram mismunur, þ.e. inneign eða skuld. Sama gildir um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og staðgreiðslu tryggingagjalds og fjársýsluskatts.

Af launum og öðrum staðgreiðsluskyldum tekjum var á árinu 2016 reiknuð 37,13%, 38,35% og 46,25% staðgreiðsla, þ.e. 22,68%, 23,9% og 31,8% tekjuskatt og 14,45% útsvar. Álagt útsvar er mismunandi eftir sveitarfélögum, en í staðgreiðslu er miðað við landsmeðaltal (14,45%).

Af arði og staðgreiðsluskyldum vaxtatekjum var reiknuð 20% staðgreiðsla vegna skatts á fjármagnstekjur.

## Inneign/skuld

### Inneign - ofgreidd staðgreiðsla vegna tekjuskatts og útsvars

Inneign getur t.d. myndast í neðangreindum tilvikum:

- Persónuafsláttur hefur ekki verið nýttur við staðgreiðslu.
- Ríkisskattstjóri hefur veitt ívilnun til lækknunar á tekjuskattstofni.
- Frádráttur er færður á skattframtal vegna ökutækjastyrks og dagopeninga sem staðgreiðsla hefur verið greidd af.
- Iölgjöld vegna viðbótarlífeyrissparnaðar hafa ekki verið dregin frá stofni til útreiknings staðgreiðslu.
- Útsvar í sveitarfélagi framteljanda er lægra en landsmeðaltal (14,45%).

### Skuldir - ógreiddur tekjuskattur og útsvar

Skuld getur t.d. myndast í neðangreindum tilvikum:

- Útsvar í sveitarfélagi framteljanda er hærra en landsmeðaltal (14,45%).

- Persónuafsláttur hefur verið ofnýttur við staðgreiðslu.
- Launagreiðandi hefur ekki staðið skil á afdræginni staðgreiðslu.
- Skattur af fjármagnstekjum hefur ekki verið innheimtur.

Skuld getur einnig myndast vegna tekjuliða, sem ekki var skyld að skila staðgreiðslu af, t.d. vegna:

- Leigutekna og söluhagnaðar.
- Hagnaðar af atvinnurekstri.

### Inneign/skuld vegna tryggingagjalds/fjársýsluskatts

Inneign vegna tryggingagjalds eða fjársýsluskatts getur myndast ef staðgreiðsla hefur verið ofgreidd. Á sama hátt myndast skuld ef ekki hafa verið gerð skil á staðgreiðslu tryggingagjalds eða fjársýsluskatts.

### Mismunur - inneign/skuld

Á mismun staðgreiðslu og álagningar er reiknað 2,5% álag. Gildir það bæði um inneignir vegna ofgreiddar staðgreiðslu og um skuldir vegna ógreidds tekjuskatts, útsvars og skatts á fjármagnstekjur.

Á mismun (skuld) staðgreiðslu og álagningar tryggingagjalds eða fjársýsluskatts reiknast dráttarvextir frá gjalddaga, **sé greitt eftir eindaga hvers tímabils**.

Á ofgreidda staðgreiðslu tryggingagjalds eða fjársýsluskatts eru reiknaðir inneignarvextir.

### Gjöld utan staðgreiðslu

Skuld getur myndast vegna eftirtalinna gjalda:

- Útvarpsgjalds.
- Gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra.
- Slysatryggingar vegna heimilisstarfa.
- Skatts á fjármagnstekjur.
- Búnaðargjalds.
- Tryggingagjalds.
- Fjársýsluskatts.

Skuld getur einnig myndast ef fyrirfram ákvarðaðar barnabætur eða vaxtabætur reynast hærrí en endanlega ákvarðaðar bætur.

### Greiðslustaða

Til frádráttar og skuldajöfnunar koma:

- Fyrirframgreiðsla upp í gjöld utan staðgreiðslu, þ.e. búnaðargjald ársins 2017.
- Ofgreidd staðgreiðsla.
- Skattafsláttur.
- Barnabætur.
- Vaxtabætur.
- Inneignarvextir (að frádræginni staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts).
- Álag v/ogreiddrar staðgreiðslu.

### Ráðstöfun staðgreiðslu og ofgreiddrar fyrirframgreiðslu

Hjá hjónum og samsköttuðu sambúðarfólki er ofgreiddri staðgreiðslu fyrst ráðstafað til greiðslu á ógreiddu útsvari og tekjuskattumaka vegna álagningarársins.

Síðan er ofgreiddri staðgreiðslu og ofgreiddri fyrirframgreiðslu búnaðargjalds ráðstafað til greiðslu á:

- Eldri þing- og sveitarsjóðsgjöldum.
- Álögdum gjöldum ársins sem gjaldfalla 1. júlí eða fyrr.
- Eftirstöðvum tryggingagjalds og vanskilum á staðgreiðslu.
- Gjaldföllnum þing- og sveitarsjóðsgjöldum maka.
- Öðrum gjaldföllnum sköttum og gjöldum.

Ofgreiddri staðgreiðslu er ráðstafað upp í ofgreiddar greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði, Atvinnuleysistryggingasjóði og ofgreiddar húsaleigubætur frá sveitarfélögum.

### Ráðstöfun barnabóta og vaxtabóta

Frá vaxtabótum og barnabótum eru dregnar fyrirfram ákvarðaðar vaxtabætur og barnabætur. Barnabótum, sem þá standa eftir, er ráðstafað á móti ofgreiddum barnabótum og skipt á two gjalddaga, 30. júní og 29. september. Vaxtabætur koma til útborgunar 30. júní. Vaxtabótum sem koma til útborgunar 30. júní er ráðstafað til greiðslu á:

- Eldri þing- og sveitarsjóðsgjöldum.
- Álögdum gjöldum ársins sem gjaldfalla 1. júlí eða fyrr.
- Eftirstöðvum tryggingagjalds.
- Vangreiddum þing- og sveitarsjóðsgjöldum maka.
- Virðisaukaskatti og bifreiðagjöldum.
- Ofgreiddum greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði.
- Ofgreiddum húsaleigubótum frá sveitarfélögum.
- Vangreiddum meðlögum hjá Innheimtustofnum sveitarfélaga.

### Gjalddagar

Eftirstöðvum álagðra gjalda er jafnað á sex gjalddaga, 1. júlí - 1. des. **Gjalddagaskipting miðast þó við að ekki sé til innheimtu lægrí fjárhæð en 5.000 kr. á hverjum gjalddaga.**

Útvarpsgjaldi er jafnað á þrjá gjalddaga, 1. júlí, 1. ágúst og 1. september.

Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa og ofgreiddar barnabætur, vaxtabætur og tryggingagjald- og fjársýsluskattur utan staðgreiðslu gjaldfalla 1. júlí.

Vangreiðsla á hluta gjalda veldur því að öll gjöld á gjaldárinu falla í eindaga mánuði eftir gjalddagann, þó ekki fyrr en mánuði eftir að álagningu er lokið.

Ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi manna, sem stunda sjálftstæðan atvinnurekstur, er fallinn í gjalddaga fyrir 1. júlí ef ekki hefur verið staðið í skilum með staðgreiðslu viðkomandi tekjuárs.

Staðgreiðsluskylt tryggingagjald og fjársýsluskattur er gjaldfallið fyrir 1. júlí.

Fyrirframgreiðsla búnaðargjalds sem reyndist ógreidd vegna ársins 2017, er gjaldfallin fyrir 1. júlí.

Inneign sem myndast að loknum skuldajöfnuði er greidd þannig:

- Barnabætur eru greiddar út 30. júní og 29. september.
- Aðrar inneignir eru greiddar út 30. júní.

**Inneign er greidd út þrátt fyrir ógreidda álagningu ársins sem gjaldfellur 1. júlí og síðar.**

**Innborgun gengur fyrst til lækkunar á elstu skuld.**

## Dráttarvextir

Dráttarvextir eru reiknaðir í samræmi við ákvæði 114. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga og 13. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

## Skyldur launagreiðanda

Launagreiðanda ber að halda eftir af launum starfsmanns fjárhæð, sem nægir til greiðslu opinberra gjalda hans, þó aldrei hærri fjárhæð að meðtalinni staðgreiðslu en sem nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni. Ágreining um afdrátt af launum má bera undir viðkomandi innheimtumann ríkissjóðs. Ákvörðun hans er kæranleg til fjármála- og efnahagsráðuneytis.

## Greiðsluseðlar

Ef fjárhæð (skuld) á gjalddaga er 5.000 kr. eða hærri eru greiðsluseðlar sendir gjaldendum vegna hvers gjalddaga 1. júlí - 1. desember. Greiðsluseðlar eru sendir til þeirra gjaldenda sem ekki eru merktir ákveðnum launagreiðendum hjá innheimtumönnum ríkissjóðs.

## Inneign 30. júní

Inneignir verða greiddar út 30. júní.

Lagt er inn á bankareikning gjaldanda ef upplýsingar um reikning eru fyrir hendi skv. skattframtali, bankaskrá innheimtumanna eða launaskrá Fjársýslu ríkisins. Aðrar inneignir eru greiddar út hjá innheimtumönnum ríkissjóðs. Upplýsingar um greiðslu inneigna koma fram á innheimtuseðli.

## Nánari upplýsingar

Ríkisskattstjóri veitir nánari upplýsingar um álagningu opinberra gjalda þ.m.t. tryggingagjalds, auk staðgreiðsluskila.

Innheimtumenn ríkissjóðs, sýslumenn utan Reykjavíkur og Tollstjóri, veita nánari upplýsingar um greiðslustöðu, útborgun inneigna og innheimtu skulda. Jafnframt skal bent á upplýsingavef ríkisskattstjóra, [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

**Leiðbeiningar í bæklingi þessum skapa hvorki rétt né skyldur umfram ákvæði laga.**